# TILKYNNING
## frá Stangaveiðifélagi Akraness
## um sölu og úthlutun veiðileyfa 1998

Aðalsöludagur veiðileyfa verður laugardaginn 28.febrúar n.k. og fer fram að Suðurgötu 108.
Þeir sem ætla fá veiðileyfi draga númer kl. 11- 12 og verða leyfin afgreidd eftir þeim númerum kl.14 sama dag. Mánudaginn 2. mars kl. 20- 21,30 verða óseld veiðileyfi seld félagsmönnum á skrifstofu félagsins að Suðurgötu 108. Eftir það verða þau einnig boðin utanfélagsmönnum.

Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðiá áður en númer dregið og dregur einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa öðrum leyfi til að draga fyrir sig. Skylt er að greiða árgjald áður en dregið er.

Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfresti á 50% keyptra veiðileyfa og einnig verður boðið upp á VÍSA- raðgreiðslur.
Ef veiðileyfi verða ekki leyst út fyrir 15. júní er stjórninni heimilt að ráðstafa þeim til annarra. Veiðileyfin verða seld eftir sömu reglu og áður þannig að menn hafa frjálst val, í þeirri röð sem afgreiðslunúmer segir til um, séu þeir mættir er sala hefst og kemur að þeirra númerum.
Í Fáskrúð eru 2 stangir á dag en 3 í Flekkudalsá og 4 í Laxá
Í Laxá er seld ein og ein stöng út á 1 nafn. Þar hefst veiði kl. 7 og líkur kl.21
Í Fáskrúð og Flekkudalsá eru seldir 2 dagar saman út á 2 og 3 nöfn.
Þar hefst veiði kl. 16 byrjunardag (kl.15 eftir 15.águst) og lýkur kl.13 heimfarardag. Við eigum möguleika á að útvega veiðileyfi frá SVFR t. d. í Gljúfurá, Sogið og fleiri staði, og munum við reyna að láta liggja frammi lista á söludegi um það hvað þar er í boði. Silungsveiðileyfi í Hólmavatn og Lambá á Hvítársíðu verða seld hjá Sjóvá- Almennum, sími 431-2800 og á bænum Fljótstungu Hvítársíðu er kemur fram í júlí, sími 435-1198
Þar sem Andakílsá hækkaði um 40% ( kr.29,000) töldum við ekki fært að bjóða hana félagsmönnum á þessu verði.
Ef ágreiningur kemur upp um ofanskráðar reglur,áskilur stjórnin sér rétt til að skera þar úr í hverju tilfelli.
Eins og undanfarin ár mun Ólafur G. Ólafsson hjá Sjóvá- Almennum sími 431-2800 annast sölu veiðileyfa eftir áðurnefnda söludaga.
MUNIÐ AÐ SÖLUSTAÐUR ER Á SUÐURGÖTU 108

Akranesi 16. febrúar 1998 Stjórnin

# VERÐSKRÁ

---

## Fáskrúð

jún/júl 30.- 2. kr.12,200 st.á dag
júlí 2.- 4. kr. 12.200 -------
---- 4.- 6. kr. 15,200 -------
---- 12.-14. kr. 17,500 -------
---- 14.-16. kr. 17,100 -------
---- 16.-18. kr. 17,100 -------
---- 24.-26. kr. 18,800 -------
---- 26.-28. kr. 18,000 -------
---- 28.-30. kr. 17,500 -------
ágúst 5.- 7. kr. 17,500 -------
----- 7.- 9. kr. 18,800 -------
----- 9.- 11.kr. 18,500 -------
----- 17.- 19.kr. 17,500 -------
----- 19.- 21.kr. 18,500 -------
----- 21.- 23.kr. 18,800 -------
----- 29.- 31.kr. 17,500 -------
ág/sep31.- 2.kr. 16,200 -------
sept 2.- 4. kr. 15,200 -------
----- 10.-12. kr. 13,200 -------
----- 12.-14. kr. 13,200 -------
---- 14.-16. kr. 11,200 -------

Straumar: 25.júní
11.júlí
24.----
9.ágúst
22.------
7.sept.

## Laxá

júní 15. kr. 15,000 á dag
----- 16. kr. 15,000 ------
----- 17. kr. 15,000 ------

## Flekkudalsá

júlí 3.- 5. kr. 12,800 á dag
---- 5.- 7. kr. 12,800 ------
----14.-16.kr. 16,800 ------

## Silungsveiði í Hólmavatni og Lambá

Í Hólmavatni eru 6 st. á dag en tvær í Lambá.
Verð virka daga er kr.1700 st á dag,en kr.2000 um helgar.
Ef allar stangirnar eru keyptar saman er um umtalsverða lækkun að ræða .